

Fimmti fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar  
Fundurinn haldinn 7. apríl 2011 kl. 10 við Tjarnarstíg.

Fundargerð

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Kristín Anna Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ægir Örn Arnarsson fulltrúi nemenda, Rafn Svansson fulltrúi nemenda, Mundína Valdís Bjarnadóttir kennarafulltrúi, María Bjarney Leifsdóttir kennarafulltrúi, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri. Agnes Ýr Sigurjónsdóttir foreldrafulltrúi boðaði forföll.

Dagskrá fundarins

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

**2. Starfsáætlun skólans kynnt**

Í vetur hefur þróunarteymi skólans unnið að starfsáætlun fyrir skólann. Starfsáætlunin var lögð fram til kynningar. Afgreiðsla fer fram á næsta fundi.

**3. Drög að skóladagatali næsta skólaárs kynnt**

Skólastjórnendur lögðu fram tvær hugmyndir að skóladagatali fyrir næsta skólaár. Skólaráð leggur til að hugmynd 2 verði fyrir valinu, með örlitlum breytingum.

**4. Drög að kennsluskipulagi næsta skólaárs kynnt**

Skólastjórnendur lögðu fram tvær hugmyndir að skipulagi bekkjadeilda næsta skólaár ásamt áætlun um fjölda kennslustunda. Afgreiðsla fer fram á næsta fundi.

**5. Önnur mál**

Fyrirspurn kom fram um það hvort sparnaður hafi verið boðaður að hálfu fræðsluyfirvalda nýlega, sbr. fundargerð fræðslunefndar í síðustu viku. Skólastjóri hefur ekki fengið nein boð um sparnað nýlega.

Næsti fundur ákveðinn 14. apríl 2011 við Norðurgötu kl. 10

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.15  
Jónína Magnúsdóttir skólastjóri